

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Króktún, deiliskipulag.

Skipulagið tekur til deiliskipulagningar íbúðarbyggðar við Króktún í Vík í Mýrdal. Við gildistöku skipulagsins fellur eldra deiliskipulag svæðisins úr gildi. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar fyrir einbýlishús og parhús.

Vík, 1. júní 2018.

F.h. sveitarstjórnar Mýrdalshrepps,

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2018